

Af hverju landssöfnun?

LANDSSÖFNUN Geðhjálpar stendur nú fyrir dyrum undir yfirskriftinni Ný meðferð – ný störf fyrir geðsjúka.

Af hverju safnar Geðhjálpar fyrir nýrri meðferð fyrir geðsjúka og nýjum störfum? Er það ekki hins opinbera að sjá um meðferðina löngum samkvæmt og sjá til þess að geðsjúkir lifi sómasamlegu lífi en í því felst aðvitað líka að hafa vinnu? Jú, það er rétt en við göngum ekki blind um sjúkragangana frekar en götur Reykjavíkur. Geðhjálpar er ekki að safna fyrir bráðameðferð eins og þeirri sem rekin er á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Við ætlum ekki að hafa læsta deild með sjúklingum sem stríða við alvarlegar ranghugmyndir og sturlunareinkenni. Áfram verður það



Sigursteinn Másson

landlækniseimbættinu, sem byggjast á upplýsingum frá nágrannalöndum okkur, nemur tap þjóðfélagsins á ári rúmum 3% af vergrí þjóðarframléiðslu, beint og óbeint, vegna geðraskana. Þetta þýðir að samfélagslegur kostnaður vegna geðraskana, umönnunar og vinnutaps nemur vel á þriðja tug milljarða króna. Þrjátíu þúsund milljónir og þessi kostnaður á eftir að hækka verulega ef

spár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar rætast. Innan tíu ára er því spáð að geðheilsuraskanir verði alvarlegasta heilsufarsvandamál veraldar. Eins og forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni á Alþingi verður að leggja sérstaka áherslu á geðheilbrigðismál. Þar njótum við stuðnings heilbrigðisráðherra og trúum því að hann og ráðuneyti hans muni bregðast vel við í framhaldi söfnunarinnar eins og hann hefur sýnt geðheilbrigðismálum áhuga og skilning til þessa. Kostnaðurinn er þó ekki aðalatriði í mínum huga. Ef okkur tekst með samstilltu átaki að fækka innlögnum á bráðamóttökudeildir, laga meðferðina betur að þörfum hvers og eins, efla eftir meðferð og bæta þannig líðan stórs hóps fólks þá skiptir það mestu máli. Jafnvægi og lífshamingja er það mikilvægasta sem við eigum. Þegar við eigum enga hamingju, enga trú á framtíðina, engan tilgang þá eigum við ekkert. Þess vegna er sérhvert framlag í þessa landssöfnun lífsgjöf. Okkar verkefni er að fara vel með þetta fé sem þið treystið okkur fyrir og verja því þannig að það nýstist geðsjúkum og aðstandendum þeirra best í samræmi við fyrrnefnd markmið.

Ætlar Geðhjálpar að reka nýja meðferðarstöð? Nei, það ætlar Geðhjálpar ekki að gera. Undanfarnar vikur höfum við átt viðræður við aðila sem bjóða í dag upp á meðferð. Við teljum einsýnt að við munum gera þetta í samstarfi við aðra þannig að starfskraftar og aðstaða geti sem best verið samnýtt. Við höfum ekki áhuga á að fjárfesta í steinsteypu, við viljum fjárfesta í fólki og framtíð þess. Það er alveg opið í dag hvar við lendum með hina nýju meðferð ef þjóðin vill styðja þetta verkefni. Staðsetningin skiptir máli en er ekki aðalatriði. Mestu máli skiptir hvað þar fer fram, hverskonar starfsemi erum við að tengjast og hvaða möguleikar eru á að okkar hugmyndir og framtíðarsýn nái fram að ganga. Við viljum sinna þeirri eftirlits- og aðhaldsskyldu sem lög okkar félags bjóða en ekki standa í beinum rekstri utan okkar félagsheimilis og skrifstofu. Þar hefur starfsemi verið að eflast mikið á síðustu misserum, ekki síst með tilkomu Auðar Axelsdóttur íðjubjálfa sem hefur sett mikinn kraft í hópastarf, meðal annars aðstandendastarf, sem ég bind miklar vonir við. Þannig má segja að nú þegar séum við með ákveðið eftir meðferðarstarf í Geðhjálpar og við litum svo á að það þurfi enn að styrkjast. Með mjög aukinni aðsókn í húsið frá því sem áður var, verða kröfur nær meiri enda erum við farin að gera meiri kröfur til okkar sjálfrá. Virkni er það sem þetta snýst allt um og virðing. Gestum okkar eigum við að sýna hvort tveggja. Ég vil þakka sérstaklega Kíwanishreyfingunni og Íþróttasambandi Íslands fyrir ómetanlegan stuðning þessara félaga í landssöfnun Geðhjálpar. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands er verndari söfn-

unarinnar og kann ég honum bestu þakki fyrir auk þess sem ég vil þakka stuðning heilbrigðisráðherra við söfnunaráttakid.

Þeim öðrum sem oft hafa lagt ómælda vinnu í sjálfbodastarf, til að vel megi takast, þakka ég af heilum hug.

Við stöndum nú frammi fyrir möguleikanum á því að breyta landslagi geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi þar sem virkni og virðing verði sett í öndvegi. Íslendingar hafa sýnt svo oft áður að þegar við sýnum samstöðu gerum við kraftaverk. A undanförmum árum höfum við látið til okkar taka á forvarnarsviðinu undir yfirskriftinni: Engin heilsa án geðheilsu. Á örfám árum hefur umræðan um geðheilbrigði og geðsjúkdóma opnast upp á gátt og skömmin er á undanhandli. Áfram verður lögð áhersla á geðræktina í samstarfi við okkar samstarfsaðila en nú er lag að stíga skrefið lengra. Fara þangað þar sem mest er þörf. Ný meðferð, nýr valkosur í heilbrigðisþjónustu. Þegar verður bankað upp á hjá þér í dag, þér réttur söfnunarbaukur eða þú sest fyrir framan sjónvarpið á laugardagskvöld bið ég þig að hafa það í huga að einn af hverjum fjórum brotna. Það eru yfirgnæfandi líkur á að það verði einhver þú þá nákominn. Hvernig meðferð vilstu þú eiga kost á?

Höfundur er formaður Geðhjálpar.

Landssöfnun

Við stöndum nú frammi fyrir möguleikanum á því að breyta landslagi geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi, segir Sigursteinn Másson, þar sem virkni og virðing verði sett í öndvegi.

verkefni ríkisins að fullu. Það sem við erum að gera er það sem gert var á Reykjalundi þegar Geðvernd safnaði fyrir á þriðja tug rúma fyrir geðsjúka til eftir meðferðar. Í dag er þar biðlistinn jafnan á milli 200 og 300 manns og fæstir komast að. Eftir meðferðin þar hefur á margan hátt verið til fyrirmyndar en eitt er það sem við teljum brýnt að koma að í þeirri nýju meðferð sem Geðhjálpar leitast til almennings með að styðja og það er að einstaklingar sem hafa haft samfélíðan bata en greinst með geðsjúkdóm, komi til starfa við hina nýju meðferð sem ráðgjafar. Í þessu sambandi litum við að hluta til hins árangursríka ráðgjafarstarfs SÁÁ. Okkar markmið er að fólk sem sækir nýju meðferðina komi ekki aftur. Að meðferðin verði svo góð að hún rjúfi vitahring innlagna, þunglyndis og alvarlegra kvíðakasta. Okkur draumur er sá að fólk öðlist nýja trú á sig sjálft og tilganginn í lífinu. Að það læri af þeim sem einu sinni voru í sömu sporum, hve mikilvægt það er að horfast af fullri alvöru í augu við sjúkdóminn og að lifa með honum, ekki á móti. Við erum ekki aðeins að tala um eftir meðferð. Það liggur fyrir og er viðurkennt af þeim sem horfast í augu við raunveruleikann að geðdeildirnar í dag henta alls ekki öllum þeim sem þjást af alvarlegu þunglyndi eða kvíða. Þannig erum við að tala um meðferð sem er ein alsherjar uppbyggingar meðferð, fyrir fólk sem lent hefur í hvers kyns sálrænum eða geðrænum áföllum og þarf á miklum stuðningi, hvatningu og virðingu að halda. Það er okkar trú, að ef íslensk þjóð styður þetta verkefni jafn rausnarlega og hún hefur oft gert þegar mikið hefur legið við, þá muni okkur takast að koma þessari meðferð í gagn við strax á næsta ári.

Og hvers vegna er það svo óskaplega brýnt að safna fyrir nýrri meðferð?

Við viljum oft veita og meta málavægi mála í krónum og aurum. Gott og vel. Samkvæmt tölum frá